

## SAMÞYKKT

### um gatnagerðargjald, stofngjald vatnsveitu og fráveitu, framkvæmdaleyfis- og byggingarleyfisgjöld, afgreiðslu- og þjónustugjöld í Sveitarfélaginu Vogum.

#### I. KAFLI

##### Almennt.

##### 1. gr.

##### *Almennt.*

Af öllum nýbyggingum og viðbyggingum við eldri byggingar í þéttbýli í Sveitarfélaginu Vogum, hvort sem um eignar- eða leigulóðir er að ræða, skal greiða gatnagerðargjald eftir því sem nánar segir til um í samþykkt þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006.

Einnig skal greiða vegna sömu framkvæmda stofngjald vatnsveitu skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, stofngjald fráveitu skv. lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, tengigjald holræsa skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Byggingarleyfisgjöld greiðast skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010. Gjöld vegna framkvæmdaleyfia og skipulagsvinnu greiðast skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Fjárhæðir í samþykkt þessari taka breytingum 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins sem er 207.943 kr./m<sup>2</sup>, byggingarvísitala 133,0 stig 1. september 2017.

*Afgreiðslugjald:* gjald sem greitt er við móttöku umsóknar um byggingarleyfi, framkvæmdaleyfi og skipulagsbreytingar. Í gjaldinu felst kostnaður sveitarfélagsins við móttöku og yfirferð erindisins. Gjaldið er ekki endurkræft þótt umsókn sé dregin til baka eða synjað.

*Umsýslu- og auglýsingakostnaður:* kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingar auglýsinga og annarrar umsýslu.

*Breytingakostnaður:* kostnaður sem fellur til innan sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytinga á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppráttum.

##### 2. gr.

##### *Ráðstöfun tekna.*

Tekjum sveitarfélagsins vegna gatnagerðargjalda skal varið til gatnagerðar í Sveitarfélaginu Vogum og til viðhalds gatna og annarra gatnamannvirkja.

Tengi- og heimæðargjöld eru innheimt sérstaklega og ekki innifalin í gatnagerðargjaldi.

Um skyldu bæjarstjórnar til gatnagerðar og viðhalds gatna fer eftir ákvæðum skipulagslaga, nr. 123/2010.

Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds vatnsveitu skal varið til vatnsveitufamkvæmda.

Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds holræsa skal varið til holræsaframkvæmda.

Tekjum sveitarfélagsins vegna framkvæmda- og byggingarleyfisgjalda og af afgreiðslu- og þjónustugjöldum skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins við þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

##### 3. gr.

##### *Gjaldskylda og lögveðsréttur.*

Lóðarhafi, eða byggingarleyfishafi þar sem það á við, er gjaldskyldur samkvæmt reglum þessum og lögum um gatnagerðargjald og ber ábyrgð á greiðslu.

Gatnagerðargjald, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, er tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði í tvö ár frá gjalddaga. Gatnagerðargjald er aðfararhæft án undangengins dóms eða stjórnvaldsúrskurðar.

II. KAFLI  
**Gatnagerðargjald.**

## 4. gr.

*Gjaldstofn.*

Gatnagerðargjald er tvíþætt. Annars vegar er það vegna nýrra bygginga og hins vegar vegna stækkunar á eldra húsnæði. Gatnagerðargjald skal innheimta af fasteignum í þéttbýli í samræmi við gildandi aðal- og/eða deiliskipulag á hverjum tíma.

Stofn til álagningar gatnagerðargjalds er fermetrafjöldi þeirra bygginga sem heimilt er að reisa á viðkomandi lóð samkvæmt gildandi deiliskipulagi.

Gjaldstofninn er ákveðinn á eftirfarandi hátt:

- Þegar bæjarstjórn úthlutar eða selur lóð eða byggingarrétt á lóð skal leggja á gatnagerðargjald í samræmi við fermetrafjölda þeirra bygginga sem heimilt er að reisa á viðkomandi lóð samkvæmt gildandi deiliskipulagi.
- Þegar gatnagerðargjald verður ekki lagt á skv. a-lið, t.d. ef land er í einkaeign, eða ef byggingarleyfi er veitt fyrir stærri byggingu en álagning skv. a-lið var upphaflega miðuð við, er við útgáfu byggingarleyfis lagt á gatnagerðargjald í samræmi við fermetrafjölda þeirrar byggingar sem byggingarleyfi tekur til.

Við álagningu skv. b-lið 2. mgr. skal miða við stærð húss samkvæmt samþykktum uppdráttum og ÍST 50.

## 5. gr.

*Útreikningur gatnagerðargjalds.*

Af hverjum fermetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis, eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir:

Einbýlishús	7,5%	15.596 kr. pr. m <sup>2</sup>
Rað-, par-, tvíbýlis- og keðjuhús	6,0%	12.477 kr. pr. m <sup>2</sup>
Fjölbýlishús I	6,0%	12.477 kr. pr. m <sup>2</sup>
Fjölbýlishús II, sértæk nálgun*		45.000.000 kr.
Atvinnuhúsnæði	5,0%	10.397 kr. pr. m <sup>2</sup>
Aðrar smærri byggingar	3,0%	6.238 kr. pr. m <sup>2</sup>

Fermetrafjöldinn (m<sup>2</sup>), sem lagður er til grundvallar við útreikning á gatnagerðargjaldinu er margfeldið af lóðarstærð og nýtingarhlutfalli lóðar eins og viðkomandi deiliskipulag segir fyrir um. Sýni deiliskipulag að nýtingarhlutfall lóðar megi vera á ákveðnu bili þ.e. að gefið sé upp lágmarks- og hámarksnýtingarhlutfall þá skal meðaltal hámarks- og lágmarksnýtingarhlutfalls lagt til grundvallar við útreikning á gatnagerðargjaldinu.

\* *Sértæk nálgun vegna 5 hæða fjölbýlishúsa.*

Búið er að tvískipta gjaldskránni fyrir fjölbýlishús, fjölbýlishús I fyrir minni og fjölbýlishús II fyrir stærri gerð fjölbýlishúsa. Þessi nálgun er viðhöfð í ljósi þess að óeðlilegur munur er á heildargjöldum pr. íbúð í þessum tveimur húsaerðum. Í ljós kemur að ástæða þess er sú, að nýtingarhlutfall lóðar er hátt fyrir þessar tvær fjölbýlishúsabyggingar, sem hefur þau áhrif að gjöldin verða há pr. íbúð. Það er því lögð til sú lausn að í ljósi þessara aðstæðna verði einfaldlega horfið frá prósentuviðmiði fyrir þessi tvö hús, en þess í stað ákveðin tiltekin krónutala.

## 6. gr.

*Undanþágur frá greiðslu gatnagerðargjalds.*

Undanþegar greiðslu gatnagerðargjalds eru eftirtaldar byggingar:

- Rými í lokunarflokk B s.s. fyrir lagnakjallara, bílakjallara, svalaskýli 20 m<sup>2</sup> að flatarmáli.
- Stækkun á eldra íbúðarhúsnæði, 15 ára og eldra, allt að 30 m<sup>2</sup> á hverja íbúð á hverju 10 ára tímabili. Af stækkun umfram 30 m<sup>2</sup> greiðist fullt gatnagerðargjald eftir viðkomandi flokki.
- Óeinangruð smáhýsi minni en 15 m<sup>2</sup> að flatarmál sem eru undanþegin byggingarleyfi skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012, gr. 2.3.5.

## 7. gr.

*Sérstök lækkunarheimild.*

Bæjarstjórn er heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af einstökum lóðum í sveitarfélaginu við sérstakar aðstæður, svo sem vegna þéttingar byggðar, atvinnuuppbyggingar, lítillar ásóknar í viðkomandi lóð eða eftirspurnar eftir leiguhúsnæði.

Bæjarstjórn er ennfremur heimilt að lækka eða fella niður gjöld vegna sérhæfðs félagslegs húsnæðis, svo sem sambýla fyrir fatlaða, þjónustuíbúða fyrir aldraða og félagslegs leiguhúsnæðis, enda sé slíkt húsnæði í eigu stofnana, félagasamtaka eða félaga sem ekki eru rekin í ágóðaskyni.

Þinglýsa skal kvöð á umrætt húsnæði um að greiða skuli gatnagerðargjald af því ef það fellur af einhverjum ástæðum ekki lengur undir ákvæði 2. mgr. Stafi það af breyttri notkun, sem er háð samþykki byggingaryfirvalda, skulu gjalddagi og eindagi fara eftir ákvæðum 18. gr. en að öðrum kosti er gjalddaginn 30 dögum eftir að forsendur lækkunar eða niðurfellingar gatnagerðargjalds eru ekki lengur fyrir hendi, svo sem vegna sölu húsnæðis, og eindagi einum mánuði síðar.

## 8. gr.

*Greiðsluskilmálar.*

Gjalddagar gatnagerðargjalds skulu vera sem hér segir:

- a. Við lóðarúthlutun, sölu lóðar eða byggingaréttar skv. A-lið 4. gr. eða við útgáfu byggingarleyfis skv. B-lið sömu greinar skal greiða staðfestingargjald kr. 1.000.000.
- b. Við útgáfu fokheldisvottorðs, eða einu ári frá upphafi framkvæmda, greiðist gatnagerðargjald að fullu.
- c. Við útgáfu byggingarleyfis vegna framkvæmda sem falla undir 6. gr., en eru ekki undanþegnar gatnagerðargjaldi, skal gjaldið greitt við útgáfu leyfisins.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Af gjaldföllnu gatnagerðargjaldi skulu greiðast dráttarvextir, skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Vextir reiknast frá gjalddaga.

## 9. gr.

*Afangaskipti framkvæmda.*

Í þeim tilvikum sem að lóðarhafi eða lóðareigandi ætlar að byggja í áföngum, getur bæjarstjórn heimilað áfangaskiptingu gatnagerðargjalds og skal þá gatnagerðargjald hverju sinni vera skv. gjaldskrá sem í gildi er þegar byggingarleyfi hvers áfanga er útgefið.

Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í umsókn um úthlutun lóðar að hann ætli að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum, og tilgreina verkáfangi og tímasetningar.

Verði áfangaskipting heimiluð falla áætluð gjöld í gjalddaga í samræmi við samþykkt áfangaskiptingu eða samþykki bæjarstjórnar.

## 10. gr.

*Afturköllun lóðarúthlutunar vegna vanskila eða dráttar á framkvæmdum.*

Bæjarstjórn er heimilt að afturkalla lóðarúthlutun ef lóðarhafi greiðir ekki gatnagerðargjald á tilskildum tíma, enda sé kveðið á um það í úthlutunar- eða byggingarskilmálum.

Sveitarstjórn skal með 30 daga fyrirvara senda lóðarhafa með sannanlegum hætti viðvörun um hina fyrirhuguðu afturköllun áður en lóðarúthlutun er afturkölluð.

Hafi teikningar af fyrirhuguðu húsi ekki borist byggingarfulltrúa til samþykktar innan 8 mánaða frá úthlutun lóðar, er heimilt að fella lóðarúthlutun úr gildi og endurgreiðist þá gatnagerðargjaldið.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ.e. að lóð fellur aftur til bæjarsjóðs hafi framkvæmdir ekki hafist innan þess tíma frá veitingu byggingarleyfis, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

## 11. gr.

*Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.*

Sveitarfélaginu ber að endurgreiða gatnagerðargjald innan 30 daga ef lóðarúthlutun er afturkölluð eða ógilt eða lóð er skilað. Fjárhæð gatnagerðargjalds sem greidd var skal endurgreidd á nafnverði án verðbóta og vaxta og skuldaviðurkenningar skulu ógiltar á sannanlegan hátt. Við greiðslu-

drátt reiknast dráttarvextir á fjárhæðina samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá gjalddaga. Sama gildir ef lóð er tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á byggingar- og skipulagsskilmálum svo og úthlutunarskilmálum.

## 12. gr.

*Endurgreiðsla.*

Gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirfarandi tilvikum:

- a. Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð án þess að hefja framkvæmdir á lóðinni (þ.e. sökklar steypdir) eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
- b. Ef gatnagerðargjald hefur verið greitt í tengslum við útgáfu byggingarleyfis, en leyfið fellur úr gildi.

## 13. gr.

*Nýtt hús á lóð.*

Þegar bygging er rifin eða fjarlægð af lóð og ný og stærri byggð í staðinn á sömu lóð skal innheimta gatnagerðargjald sem stækkuninni nemur. Gildir þessi regla um byggingar sem samþykkt er byggingarleyfi fyrir allt að fimm árum eftir að leyfi er gefið fyrir niðurrifi byggingar. Að öðrum kosti skal greiða fullt gatnagerðargjald. Ef hin nýja bygging er annarrar tegundar eða til annarra nota en hin eldri gilda ákvæði 3. mgr. þessarar greinar.

Sama gildir ef hús brennur og byggt er nýtt hús á lóð.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin færist í hærri gjaldflokk skv. samþykkt þessari, skal greiða gatnagerðargjald af fermetrafjölda viðkomandi húsnæðis sem nemur mismun á hærri og lægra gjaldinu. Ef húseign færist í lægri gjaldflokk við slíkar breytingar greiðist ekki gatnagerðargjald og húseigandi á ekki rétt á endurgreiðslu.

## III. KAFLI

**Önnur gjöld.**

## 14. gr.

*Sala byggingarréttar.*

Bæjarstjórn er heimilt að selja eða leita eftir tilboðum í byggingarrétt á lóðum í Sveitarfélaginu Vogum.

Söluverð byggingarréttar skal vera ákveðið hlutfall af gatnagerðargjaldi viðkomandi lóðar eins og það er reiknað út skv. 5. gr. samþykktar þessarar, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni.

## 15. gr.

*Stofngjald vatnsveitu.*

Stofngjald vatnsveitu skal vera ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.

32 mm heimæð	70%	145.560 kr. pr. heimæð
40 mm heimæð	100%	207.943 kr. pr. heimæð
50 mm heimæð	150%	311.915 kr. pr. heimæð
63 mm heimæð	300%	623.829 kr. pr. heimæð
75 mm heimæð	450%	935.744 kr. pr. heimæð
90 mm heimæð	550%	1.143.687 kr. pr. heimæð

Semja skal sérstaklega um stofngjald vatnsveitu á stöðum fjarri dreifikerfislögnum vatnsveitu eða þar sem lengd heimæðar er yfir 50 m.

## 16. gr.

*Stofngjald fráveitu.*

Stofngjald fráveitu skal vera ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.

Einbýlishús	100%	207.943 kr. pr. hús
Rað-, par-, tvíbýlis- og keðjuhús	85%	176.752 kr. pr. íbúð
Fjölbýlishús	50%	103.972 kr. pr. íbúð
Atvinnuhúsnæði	125%	259.929 kr. pr. byggingu

Fermetrafjöldinn (m<sup>2</sup>), sem lagður er til grundvallar við útreikning á stofngjaldi fráveitu fyrir önnur mannvirki en íbúðir er margfeldið af lóðarstærð og nýtingarhlutfalli lóðar eins og viðkomandi deiliskipulag segir fyrir um. Sýni deiliskipulag að nýtingarhlutfall lóðar megi vera á ákveðnu bili þ.e. að gefið sé upp lágmarks- og hámarksnýtingarhlutfall þá skal meðaltal hámarks- og lágmarksnýtingarhlutfalls lagt til grundvallar við útreikning á stofngjaldi fráveitu.

Af viðbyggingum við eldri hús, önnur en íbúðarhús, þar sem deiliskipulag er ekki til staðar, eru fermetrar (m<sup>2</sup>) viðbyggingar lagðir til grundvallar við útreikning á stofngjaldi fráveitu kalli viðbyggingin á stofnframkvæmdir við fráveitulögn.

Semja skal sérstaklega um stofngjald holræsa á stöðum fjarri dreifikerfislögnum holræsa eða þar sem lengd heimæðar er yfir 50 m.

#### 17. gr.

##### *Byggingarleyfisgjöld.*

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir útgáfu á hverja framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir. Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er útgáfa byggingarleyfis, ein yfirferð aðal- og séruppdráttar, ein útmæling fyrir húsi og hæðarsetningu og ein útsetning lóðar, lögbundið byggingarefirlit og úttektir, útgáfa foheldisvottorðs, útgáfa öryggis- og lokaúttektarvottorðs. Byggingarleyfisgjald er ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.

Upphæð byggingarleyfisgjalds skal vera:

- a) Af íbúðarhúsnæði:
 

Einbýlishús pr. lóð	100%	kr. 207.943
Par-, rað-, tvíbýlis- og keðjuhús pr. íbúð	85%	kr. 176.752
Fjölbýlishús pr. íbúð	50%	kr. 103.972
- b) Af atvinnu- og þjónustuhúsum og stofnunum:
 

Gólfhlötur allt að 500 m <sup>2</sup>	100%	kr. 207.943
Gólfhlötur á bilinu 500-1.000 m <sup>2</sup>	200%	kr. 415.886
Gólfhlötur á bilinu 1.000-2.000 m <sup>2</sup>	300%	kr. 623.829
Gólfhlötur yfir 2.000 m <sup>2</sup>	400%	kr. 831.772
- c) Af öðrum húsum og hvers konar viðbyggingum, bílgeymslum og gripahúsum:
 

Gólfhlötur allt að 40 m <sup>2</sup>	40%	kr. 83.177
Gólfhlötur 40-100 m <sup>2</sup>	60%	kr. 124.766

Af viðbyggingum stærri en 100 m<sup>2</sup> greiðist fullt byggingarleyfisgjald, sbr. liði a og b.
- d) Annað:
 

Af minni háttar framkvæmdum sem eru ekki undanþegnar byggingarleyfi skv. gr. 2.3.5.6 byggingarreglugerðar nr. 112/2012	10%	kr. 20.794 pr. byggingu
Af meiri háttar breytingum á útliti og innra skipulagi húsa án stækkunar, s.s. meiri háttar breyting á veggjum, lögnum o.fl.	50%	kr. 103.972 pr. byggingu

#### 18. gr.

##### *Gjaldskrá afgreiðslu- og þjónustugjalda.*

Greiða skal fyrir þjónustu og leyfisveitingu sem byggingarfulltrúi veitir umfram þá sem innifalin er í byggingarleyfisgjaldi. Afgreiðslu- og þjónustugjöld eru ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.

Upphæð afgreiðslu- og þjónustugjalda skal vera:

Hver endurskoðun aðaluppdráttá	10%	kr. 20.794
Aukavottorð um byggingarstig, stöðuúttekt, fokheldi og önnur vottorð	10%	kr. 20.794
Stofnun lóðar	10%	kr. 20.794
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun, pr. klst. skv. vinnuskýrslu, lágmarksgreiðsla 1 klst	10%	kr. 20.794
Fyrir breytingu á lóðarsamningi	10%	kr. 20.794
Fyrir breytingu á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	10%	kr. 20.794
Gjald fyrir útkall þegar verk reynist ekki úttektarhæft	20%	kr. 41.589
Afgreiðsla stöðuleyfis, árgjald greiðist einu sinni á ári, verð pr. einingu	20%	kr. 41.588
Fyrir hverja aukaútsetningu lóðar/húss; pr. mælingu	aðkeypt vinna skv. reikningi	
Staðbundin viðurkenning iðnmeistara	10%	kr. 20.794
Endurnýjun leyfis án breytinga	10%	kr. 20.794
Gjald fyrir önnur útköll, s.s. vettvangsskoðun og mælingar	10%	kr. 20.794

## 19. gr.

*Gjalddagi og eindagi gjalda.*

Gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjald, gjald fyrir byggingarrétt, stofngjald vatnsveitu og holræsa samkvæmt samþykkt þessari fellur í gjalddaga við úthlutun lóðar eða sölu byggingarréttar sem er í eigu sveitarfélags eða sveitarfélagið hefur ráðstöfunarrétt á. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Heimilt er að veita vaxtareiknaðan greiðslufrest á greiðslu hluta gatnagerðargjalds og hluta gjalds vegna sölu byggingarréttar til allt að eins árs með mánaðarlegum afborgunum eða samkvæmt sérstakri samþykkt sem bæjarstjórn setur. Vextir skulu miðast við almenna óverðtryggða skuldaþréfavexti viðskiptabanka á hverjum tíma.

## IV. KAFLI

**Gjaldskrá skv. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

## 20. gr.

*Gjöld vegna framkvæmdaleyfa.*

Samkvæmt samþykkt þessari skal greiða gjald fyrir veitingu framkvæmdaleyfa vegna þeirra framkvæmda sem afla þarf framkvæmdaleyfis fyrir. Innifalinn í framkvæmdaleyfisgjaldi er kostnaður sveitarfélagsins vegna útgáfu og undirbúnings leyfisveitingar, auk kostnaðar við eina ferð vegna eftirlits.

Framkvæmdaleyfi - framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000	100%	kr. 207.943
Framkvæmdaleyfi aðrar framkvæmdir	50%	kr. 103.972
Eftirlit umfram eina ferð sem er innifalinn í framkvæmdaleyfisgjaldi	20%	kr. 41.589
Afgreiðslugjald	10%	kr. 20.794

## 21. gr.

*Gjöld vegna skipulagsvinnu.*

Samkvæmt samþykkt þessari skal greiða gjald fyrir skipulagsvinnu. Innifalinn er kostnaður sveitarfélagsins vegna útgáfu og undirbúnings skipulags.

*Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga:*

Afgreiðslugjald	10%	kr. 20.794
Breytingar á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 36. gr. skipulagslaga	aðkeypt vinna skv. reikningi	
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr.	100%	kr. 207.943
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.	50%	kr. 103.972

<i>Kostnaður vegna deiliskipulags:</i>		
Afgreiðslugjald	10%	kr. 20.794
<i>Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga</i>		
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga	aðkeypt vinna skv. reikningi 75%	kr. 155.957
<i>Verulegar breytingar:</i>		
Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga	aðkeypt vinna skv. reikningi	
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegra breytinga, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga	75%	kr. 155.957
<i>Óverulegar breytingar:</i>		
Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga vegna óverulegra breytinga	50%	kr. 103.972
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegra breytinga, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga	30%	kr. 62.383
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegra breytinga, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga	15%	kr. 31.191
<i>Grenndarkynning:</i>		
Grenndarkynning, sbr. 44. gr. skipulagslaga	15%	kr. 31.191

Greitt er fyrir hvern þann lið hér að ofan sem sveitarfélagið þarf að vinna við fullnaðar-afgreiðslu. Kostnaður við umfjöllun sveitarfélagsins auk auglýsinga um kynningu skipulagsins og gildistöku er innifalinn í ofangreindum framkvæmdaleyfis- og skipulagsgjöldum.

Landeigandi eða framkvæmdaaðili getur óskað eftir því við sveitarstjórn að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi á hans kostnað. Um ferli slíks deiliskipulags fer skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga.

#### V. KAFLI

#### Kæruheimild og gildistaka.

22. gr.

#### *Kæruheimild.*

Aðili máls getur skotið ákvörðun bæjarstjórnar til úrskurðar innanríkisráðuneytisins í samræmi við lög um gatnagerðargjald.

23. gr.

#### *Gildistaka.*

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann 30. ágúst 2017, skv. lögum um gatnagerðargjald nr. 153/2006, lögum um mannvirki nr. 160/2010, og skipulagslögum nr. 123/2010. Jafnframt fellur úr gildi eldri samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjald vatnsveitu og fráveitu, framkvæmdaleyfis- og byggingarleyfisgjöld, afgreiðslu- og þjónustugjöld í Sveitarfélaginu Vogum nr. 70/2014.

*Vogum, 26. október 2017.*

**Ásgeir Eiríksson** bæjarstjóri.